

# Sérstærniðnar heildarlausnir fyrir hreinsun frárennslis eldisstöðva

Með meira en 40 ára reynslu, byggir Alumichem á traustri sérfræðilekku á efnu til vatnshreinsunar, hreinsibúnaði og ráðgjöf.

## Sérstærniðnar lausnir

Alumichem býður upp á sérstærniðnar heildarlausnir fyrir hreinsun frárennslis og meðhöndlun úrgangs eldisstöðva. Lausnir okkar eru sérhannaðar í samræmi við staðbundnar aðstæður og umhverfislöggjöf.

Orkuskilvirkar lausnir okkar fyrir frárennslis-hreinsun hafa meðal annars eftirfarandi kosti:

- Fjarlægja svifefni, köfnunarefni, fosfór og þungamálma í samræmi við losunarkröfur
- Lækka kostnað við meðhöndlun sets/úrgangs ásamt því að varðveita verðmæt næringarefni
- Sjálfvirkar einingalausnir sem auðvelt er að samþætta inn í núverandi kerfi
- Takmarkað vistspor
- Möguleg endurnýting á hreinsuðu frárennslis
- Fullkomið samspil efnafraeðilegrar hreinsunar og tækni

## Sannreynd tækni

Alumichem byggir á áralangri reynslu í þróun sérstærniðinna heildarlausna innan fráveituhreinsunar og endurnýtingu á auðlindum.



## Þjónusta sem við bjóðum uppá

Alumichem hjálpar þér að hámarka afköst og lágmarka áhættu með því að styðja þig í gegnum allt ferlið, fyrir, á meðan og eftir gangsetningu kerfisins.

- Gangsetning
- Uppsetning og viðvarandi tækniástoð
- Uppsetning og stilling á efnafraeðilegri vatnshreinsun
- Sérfræðingar okkar hjálpa þér að finna bestu lausnina
- Uppfærsla á núverandi kerfi/aðstöðu
- Starfsmannþjálfun

## Uppfyllir ströngustu losunarkröfur

Losunarkröfur frárennslisvatns hafa aukist verulega – bæði í Evrópu og um allan heim.

Alumichem tryggir það að gæði frárennslis frá kerfum sé í samræmi við staðbundna umhverfislöggjöf hverju sinni, auk þess sem hægt er að bæta við hreinsiprepum til að aðlaga kerfin að hvaða kröfum framtíðarinnar sem er.

# Heildarlausnir fyrir endurnýtingu ferskvatns og hreinsun frárennslis eldisstöðva

Við bjóðum upp á sérstærniðnar heildarlausnir til að meðhöndla ferskvatn og frárennslis frá fiskeldiskerfum. Frárennslis úr eldisferlinu er venjulega hreinsað með tromlusíum og loftsíum. Lausnirnar eru alltaf sérstærniðnar að þínum þörfum, þar sem tekið er tillit til staðbundna aðstæðna og umhverfislöggjafar.

## Ávinningur fyrir fiskeldisstöðvar

- Auðveld og kostnaðarhagkvæm meðhöndlun á seti
- Tryggir að úrgangsvatn sé hreinsað í samræmi við umhverfislöggjöf
- Lækkar kostnað við förgun á meðhöndlaðri seyru/úrgangi
- Nýttu þér áratuga reynslu og nýsköpun í hreinsun frárennslis frá fiskeldiskerfum

## Ávinningur fyrir birgðasala eldiskerfa

- Reynslumikill og áreiðanlegur samstarfsaðili fyrir hreinsun og endurnýtingu frárennslis fiskeldiskerfa
- Leyfðu Alumichem að sjá um alhliða meðferð á seti/úrgangi, þannig að þú getir einbeitt þér að uppsetningu og byggingu fiskeldisstöðvarinnar
- Auðveld samþætting kerfa til meðferðar á seyru/úrgangi við fyrirliggjandi fiskeldiskerfi



## 1. Síun ferskvatns/inntökuvatns

Alumichem býður upp á mismunandi lausnir á himnuörsíun á ferskvatni til að tryggja örugga starfsemi fiskeldisstöðvarinnar. Allar lausnir hannaðar af Alumichem eru sérstærniðnar í samræmi við staðbundnar kröfur til að tryggja vörn gegn skaðlegum efnu eins og bakteríum, veirum, þungamálmu o.s.frv.

## 2. Þykkun fiskimykju

Upphafsskref þykkunar fiskimykju eykur þurrrefnisinnihald frá 0-1% upp að 10% og dregur þar af leiðandi verulega úr magni mykjunnar. Þykkunarferlið samanstendur af tveimur þrepum:

- Efnafraeðilegri breytingu á mykjunni til að mynda stóra kekki (storkun og hnatfelling)
- Vélrænni síun til að aðskilja kekkinu frá vatni

Eftir þykkunarferlið er mykjan ákjósanleg fyrir framleiðslu á lífgasi.

## 3. Afvötnun fiskimykju

Þurrrefnisinnihald fiskimykjunnar má auka enn frekar í svokölluðu afvötnunarþrepi, þar sem þurrrefnisinnihald getur náð allt að 30% og magn fiskimykju þar með minnkað enn frekar fyrir auðveldari flutning/förgun. Eftir afvötnunarþrepið er fiskimykjan góður kostur sem áburður í staðbundnum landbúnaði eða sem kolefnisgkafi í motlunarstöð.

## 4. Þurrkun fiskimykju

Frásíða fiskimykju er hægt að meðhöndla enn frekar í svokölluðum seyru þurrkurum. Í þessu þrepi getur innihald þurrrefnis náð >90% þurrrefnisinnihaldi (TS%) og er mykjan/seyrnan þar með meðfærilegri fyrir flutning og geymslu, til dæmis í iðnaðarpökum (big bags).

Alumichem notar orkuskilvirka hitaæluþurrkara. Þurrkuð mykja inniheldur verðmæt næringarefni og orku sem hægt er að nýta sem áburð eða varmaorku.

## 5. Hreinsun úrgangsvatns

Losunarvatn úr mykju/seyrumeðferðarþrepunum ásamt öllu yfirfallsvatni frá eldiskerfinu er fínhreinsað/síað fyrir losun eða endurnýtingu til að tryggja að umhverfislöggjöf sé fylgt.

Það er hægt að hanna kerfin til að meðhöndla og hreinsa vatnið eins mikið og krafist er (svifagnir, köfnunarefni, fosfór, þungamálma o.fl).

Hafðu samband við okkur til að heyra meira um heildarlausnir okkar fyrir fráveituhreinsun eldisstöðva eða til að ræða við sérfræðinga okkar um næsta verkefnið þitt.



# Hreinsun frárennslis og meðhöndlun úrgangs eldisstöðva

SCAN QR CODE AND READ ONLINE



ÍSLENSKA



NORSK



ENGLISH



ESPAÑOL

Vinsamlegast hafðu samband við næsta samstarfsaðila  
Alumichem fyrir frekari upplýsingar

Sími: +45 45 94 09 94 | [info@alumichem.com](mailto:info@alumichem.com) | [www.alumichem.com](http://www.alumichem.com)

**ALUMICHEM**  
Headquarter  
Blokken 38  
3460 Birkerød  
Denmark  
Sími: +45 4594 0994

**ALUMICHEM**  
Production & Warehouse  
Elise Sørensens vej 3  
4400 Kalundborg  
Denmark  
Sími: +45 5955 0700

**ALUMICHEM BELGIUM**  
Detackification &  
Automotive  
Lommel  
Belgium  
Sími: +32 4764 60768

**ALUMICHEM CANADA**  
Production & Warehouse  
1351 Viking Way  
Richmond BC  
Canada  
Sími: +1 (604) 708-0209

**ALUMICHEM GHANA**  
Alumichem Western  
Africa  
Accra  
Ghana  
Sími: +233 24 342 3465



**ALUMICHEM**